

KIRKJUGARÐARÁÐ

123. fundur haldinn 11. maí 2015 á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins.

Gestur: Halldór Arason endurskoðandi frá Deloitte.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Samþykkt.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða - Ársreikningur 2014

Kynning frá Halldóri Arasyni endurskoðanda Deloitte. Reikningurinn var samþykktur og undirritaður.

3. Endurskoðun á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga – Tillaga að breytingum

Valtýr Valtýsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson áttu fund með lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingatillögurnar. Voru tillögurnar samþykktar og var Guðmundi Rafni falið að láta Þóru Björg Jónsdóttur lögfræðingi hjá Sambandinu vit þannig að unnt sé að ljúka málinu.

4. Málþing og aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands

Þórsteinn, Guðmundur Rafn og Smári sögðu frá fundinum sem haldinn var á Hótel Natura í Reykjavík og málþing sem haldinn var í tengslum við fundinn og um leið 20 ára afmæli Kirkjugarðasambandsins. Fjallaði málþingið um umhirðu og viðhald kirkjugarða. Aðal fyrirlesari og gestur fundarins var Helge Klingberg landslagsarkitekt, prófessor og fyrverandi umsjónarmaður kirkjugarða í Noregi.

5. Næsti fundur/ferð

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 8. júní kl. 12:00 í Skálholti.

6. Önnur mál.

Ráðið þakkar KGRP og Þórsteini Ragnarsoni forstjóra fyrir að veita ráðinu aðstöðu til að halda fundina í Fossvogi vegna framkvæmda á Biskupsstofu.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 15:20.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari